



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. mars 2019.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144, 570. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur borist tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144. Í greinargerð með tillögunni segir:

„Til að Jafnréttissjóður Íslands geti sem best rækt blutverk sitt og styrkt verkefni og rannsóknir sem hafa að markmiði að auka jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi er hér lagt til að við útblutun árána 2019 og 2020 verði kallað eftir umsóknum til verkefna og rannsókna sem stuðla að fræðslu og forvörnum með það að markmiði að útrýma kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi. Einnig er lagt til að sjóðurinn styrki verkefni sem stuðli að fræðslu fyrir ungt fólk um ábyrga afstöðu til kynlífs, kláms og kynbundins ofbeldis sem og verkefni sem stuðli að aukinni þekkingu á vörnum og samræmdum viðbrögðum við ofbeldi í nánnum samböndum.“

MRSÍ styður þingsályktunartillöguna heils hugar og hvetur til þess að hún nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri